

Þessar leiðbeiningar lýsa opinberar sýnatökur úr varphænum í varpi, ef þær eru haldnar í búrum.

Svona tekur opinber dýralæknir sýni

Sýnatökuplan fyrir varphænur

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
Fullorðnar Varphænur	Á 15 vikna fresti (1. sýnataka á aldrinum 22-26 vikna)	Varphús	- 2x150 g saursýni = 1 safnsýni úr hverjum hópi Opinbert sýni: 1x150g saursýni og 1 ryksýni	Alltaf, nema þegar MAST tekur sýni	1 sýni árlega úr einum hópi hjá hverjum framleiðanda >1000 fuglar

Saursýni

Í hópum búrfugla skalt þú taka einu sinni 150 g af drit, með því að safna drit á 60 stöðum af öllum færriböndum fyrir drit eða af sköfum í húsinu, eftir að hafa sett kerfið í gang til að fjarlægja drit. Ef ekki eru til færribönd skalt þú taka einu sinni 150g af nýjum saur á 60 mismunandi stöðum undir grindunum.

Ryksýni

Þú notar einnota hanska til að safna ryk, a.m.k. 100g í sér poka eða glas sem tekur minnst 250ml. Sýni eru tekin allstaðar í húsinu af yfirborðsflötum sem eru sýnilega rykugir. Þú mátt einnig nota eitt eða fleiri taustykki með a.m.k. 900cm² flatarmál, sem var/voru vætt eins og sokkarnir og safnar ryk allstaðar í húsinu. Sýnið er sett í sér ílát.

Frágangur

Þú merkir sýnið vel með rekjanleikanúmer hænsnahópsins og sýnatökudagsetningu. Fylltu út eyðublaðið nákvæmlega og sendu sýnið með rannsóknarbeiðnina samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Forðaðu sýninu frá miklum hita eða sólskini.

Ef þú getur ekki sent sýnið samdægurs eða innan við 24 klst. þarft þú að geyma það í kæli við 2-8°C. Ath: Sýnið telst órannsóknarhæft ef yfir 96 klst. liða frá sýnatöku þar til rannsókn hefst og er þá ógilt.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Tússpenni og límmiðar
- Rannsóknareyðublað (<http://www.mast.is/eydublod/bufe>)
- Kassi til sendingar

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökur skv. reglugerð (EB) nr. 1168/2006, innleidd með reglugerð nr. 1012/2011, og reglugerð (EB) nr. 2160/2003, innleidd með reglugerð nr. 1011/2011.

Útgáfudagur: 1. nóvember 2011